

# **HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS**

---

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4500/525-4553  
Fax nr: 552-6806  
Heimasiða: [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)  
Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)


---

Skýrsla nr. C93:03

## **Stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað**

Skýrsla til Neytendasamtakanna

1993



## Efnisyfirlit

---

1 Inngangur	2
2 Aðferðir, fyrirvarar og helstu niðurstöður	3
2.1 Aðferðir og fyrirvarar	3
2.2 Helstu niðurstöður	3
3 Stuðningur stjórnvalda við landbúnað	5
3.1 Markaðsstuðningur	5
3.2 Beinar greiðslur	6
3.3 Lækkun framleiðslukostnaðar	6
3.4 Almenn þjónusta	6
3.5 Útflutningsbætur	6
3.6 Gjaldtaka af landbúnaðarafurðum	6
3.6.1 Sjóðsgjöld til sameiginlegra þarfa landbúnaðarins	6
3.6.2 Kjarnfóður gjöld	6
3.6.3 Opinberar álögur og skattar	7
3.7 Viðmiðunarverð	7
3.8 Niðurstöður útreikninga	8
4 Áhrif jafns stuðnings stjórnvalda við allar greinar landbúnaðarins	10
5 Viðaukar	15
5.1 viðauki - Áætlaður stuðningur stjórnvalda við landbúnað á árinu 1992	16
5.2 viðauki - Áætlaður stuðningur stjórnvalda við landbúnað á árinu 1993	18
5.3 viðauki - Sala og heildsöluverð búvara frá okt. 1991 til okt. 1992	20

## 1 Inngangur

Að beiðni Neyfendasamtakanna hefur Hagfræðistofnun HÍ kannað stuðning stjórnvalda við landbúnað og hvernig þessi stuðningur skiptist milli landbúnaðargreina. Með stuðningi við landbúnaðinn er hér átt við annars vegar innflutningshöft og hins vegar beinar og óbeinar greiðslur stjórnvalda að frádregnum þeim sköttum sem landbúnaðurinn greiðir. Einnig var kannað hvaða áhrif það hefði á markaðinn fyrir búvorur ef þessi stuðningur yrði jafnaður þannig að allar greinar fengju sama hlutfall af framleiðsluvirði í stuðning frá stjórnvöldum. Tvö ár eru könnuð, þ.e. árin 1992 og 1993. Endanlegar tölur fyrir þessi ár liggja ekki fyrir og því eru allar niðurstöður þessarar skýrslu byggðar á áætlunum. Kristján Jóhannsson, lektor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ, hafði umsjón með verkinu en það var unnið af Ingólfvi H. Bender, hagfræðingi.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands,  
í mars 1993.

Guðmundur Magnússon,  
forstöðumaður.

## 2 Aðferðir, fyrirvarar og helstu niðurstöður

*2.1 Aðferðir og fyrirvarar.* Við útreikning á stuðningi íslenskra stjórnvalda við landbúnað er reynt að finna það tekjutap sem bændur yrðu fyrir ef stuðnings stjórnvalda nytí ekki við. Þannig er gert ráð fyrir því að bændur séu tilbúnir til að kaupa þá þjónustu sem veitt er af hálfu stjórnvalda og greiða fyrir hana verð sem samsvarar útgjöldum stjórnvalda vegna hennar. Útreikningarnir ganga út frá ákveðnu framleiðslumagni og ofmeta því tekjutapið því að minni stuðningur við landbúnað ylli því væntanlega að bæði framleiðsla og kostnaður drægist saman.

Í útreikningum á stuðningi stjórnvalda við landbúnað eru tvö ár könnuð, þ.e. árin 1992 og 1993. Endanlegar tölur fyrir þessi ár liggja ekki fyrir og því eru allar niðurstöður þessarar skýrslu byggðar á áætlunum sem m.a. eru settar fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1992 og 1993.

Þegar reikna á út áhrif breyttrar tilhögunar stuðnings stjórnvalda við landbúnaðargreinar og áhrif þess á sölu landbúnaðarafurða verður að gefa sér ákveðnar forsendur. Í fyrsta lagi er sú forsenda gerð að breytingar á stuðningi komi að fullu fram í verði búvara. Í öðru lagi eru stuðlar fyrir verðnæmni eftirspurnar gefnir. Verðnæmni eftirspurnar segir til um hversu mikið sala breytist í kjölfar verðbreytinga. Í þessu sambandi er stuðst við tölfræðilega rannsókn sem gerð var hér á landi fyrir allmögum árum og hefur smekkur og neyslumynstur neytenda breyst talsvert síðan þá. Þessir verðnæmnisstuðlar eru því einungis nálgun við þá sem gilda hér á landi nú í dag en ósagt skal látið hvort sú nálgun leiði til ofmats eða vanmats á áhrifum verðbreytinga.

*2.2 Helstu niðurstöður.* Heildarstuðningi íslenskra stjórnvalda við landbúnað sem hlutfall af framleiðsluvirði, hefur verið nokkuð misskipt á milli búgreina á árinu 1992 og horfur eru á að slíkt hið sama verði á árinu 1993. Mestan stuðning á árinu 1992 fengu framleiðendur kinda-, alifuglakjöts og mjólkur. Á því ári nam stuðningur um 108% af framleiðsluvirði þessara greina. Ef svo fer fram sem horfir fá framleiðendur alifuglakjöts mestan stuðning á árinu 1993 um 112%. Næst alifuglaframleiðendum koma framleiðendur mjólkur og má áætla að stuðningur við þá verði rúmlega 106% á árinu 1993. Hinsvegar má ætla að framleiðendur kindakjöts fái um 99% af framleiðsluvirði sinna afurða í stuðning á árinu 1993. Næstir í röðinni eru nautakjötsframleiðendur með um 87% stuðning á árinu 1992 og horfur um 69% stuðning á árinu 1993. Eggjaframleiðendur fengu á árinu 1992 tæplega 82% af framleiðsluvirði eggja í stuðning en áætlað er að stuðningur til þeirra nemí 79% á árinu 1993. Sjöttu og næst síðustu í þessu úrtaki landbúnaðargreina eru framleiðendur svínakjöts. Á árinu 1992 fengu svínakjötsframleiðendur 74% af framleiðsluvirði sinna afurða í stuðning og líkur eru á að það hlutfall lækki um rúmlega eitt og hálftr prósentustig á milli áranna 1992 og 1993. Minnstur stuðningur var við framleiðslu hrossakjöts, en sú framleiðsla telst til

aukabúgreina hér á landi. Stuðningur við þessa grein nam rúmlega 47% af framleiðsluvirði á árinu 1992 og er gert ráð fyrir að hann lækki um rúmt hálftrósentustig á milli áranna 1992 og 1993.

*Breyting á milli áranna 1992 og 1993.* Almennt hefur heildarstuðningurinn sem hlutfall af framleiðsluvirði dregist saman á milli áranna 1992 og 1993 og munar þar mestu um niðurskurð í fjárlögum. Samanlagður heildarstuðningur við þær sjö landbúnaðargreinar sem hér eru athugaðar sem hlutfall af framleiðsluvirði hefur lækkað úr 101% niður í 95% á þessu tímabili eða um sex prósentustig. Þessi niðurskurður dreifist nokkuð mismunandi á meðal búgreina. Nautakjötsframleiðendur taka á sig mestan niðurskurð en stuðningur við þá lækkar um 18 prósentustig. Næst koma framleiðendur kindakjöts með lækkun upp á tæplega 9 prósentustig. Eggjaframleiðendur taka á sig lækkun upp á rúmlega 3 prósentustig, svínakjötsframleiðendur upp á tæplega 2 prósentustig, mjólkur og hrossakjötsframleiðendur upp á 1 prósentustig. Heildarstuðningur ríkisins við landbúnaðinn hækkar í einni grein. Alifuglaframleiðendur fá rúmlega 5 prósentustiga hærri heildarstuðning á árinu 1993 en á árinu 1992. Munar þar mestu um hækkun á markaðsstuðningi við þessa grein sem kemur til vegna hækkunar á innlendu heildsölverði. Ef litið er á stuðning ríkisins í fjárlögum við alifuglaræktendur sést að hann lækkar um tæplega 7 prósentustig milli áranna 1992 og 1993.

---

*Áhrif jafns stuðnings stjórnvalda við allar landbúnaðargreinar.* Sé tilhögun stuðnings stjórnvalda á árinu 1993 við landbúnaðargreinar breytt þannig að hver grein fái 95% af framleiðsluvirði ársins á undan í heildarstuðning yrðu áhrifin þau að heildarsala landbúnaðarafurða dregst saman um 360 tonn eða 1,26%. Mestur yrði samdrátturinn í sölu alifuglakjöts 7% en einnig myndi sala kindakjöts og mjólkur dragast saman um 1%. Hins vegar myndi sala á hrossakjöti aukast um 14%, nautakjöti um 8%, svínakjöti um 7% og eggjum 5%.

### 3 Stuðningur stjórnvalda við landbúnað

Í útreikningunum á stuðningi stjórnvalda við íslenskan landbúnað var litið á sjö framleiðslugreinar. Þær eru framleiðsla á mjólk, eggjum, nauta-, kinda-, hrossa-, svína- og alifuglakjöti en á árinu 1992 áttu þessar greinar samtals 85% af verðmæti allra framleiddra landbúnaðarárafurða hér á landi.<sup>1</sup> Til að greina á milli mismunandi leiða sem stjórnvöld fara til að styðja við þessar landbúnaðargreinar hefur stuðningnum verið skipt upp í markaðsstuðning, beinar greiðslur, aðgerðir til lækkunar á framleiðslukostnaði, almenna þjónustu, útflutningsbætur og gjaldtöku af landbúnaðarárafurðum. Skal hér gerð grein fyrir hverri þessara leiða fyrir sig.<sup>2</sup>

*3.1 Markaðsstuðningur* er mælikvarði á þá þætti í landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem hækka heildsöluberð á landbúnaðarárafurðum. Þessi stuðningur er reiknaður á eftirfarandi máta:

$$MS = Q_f \cdot (P_I - P_e)$$

þar sem  $MS$  er markaðsstuðningurinn,  $Q_f$  er framleitt magn landbúnaðarvara innanlands,  $P_I$  er heildsöluberð búvara innanlands og  $P_e$  er viðmiðunarverðið og er þar notað heimsmarkaðsverð landbúnaðarvara. Eins og ofangreind skilgreining ber með sér þá segir markaðsstuðningurinn til um hvaða stuðningur felst í því að verja landbúnaðinn fyrir erlendri samkeppni.

Við útreikning á markaðsstuðningi hafa tvær aðferðir verið notaðar. Þær eru svonefnd AMS-aðferð og PSE-aðferð.<sup>3</sup> Það sem greinir þessar tvær aðferðir frá hvor annarri er að AMS-aðferðin notar heildsöluberð en í PSE-aðferðin notar verð til framleiðenda. Sú aðferð sem hér er notuð er því í samræmi við AMS-aðferðina. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur í landbúnaði koma til lækkunar á heildsöluberði varanna. AMS-aðferðin skilar því hatti markaðsstuðningi en PSE-aðferðin. Á hinn bóginn er mismunandi kostnaður vegna vinnslu og dreifingar afurðanna innifalinn í heildsöluberðinu en ekki í verði til framleiðenda. Markaðsstuðningur sem reiknaður er með AMS-aðferðinni ætti því að öðru jöfnu að vera lægri en markaðsstuðningur sem hefur verið leiðréttur fyrir niðurgreiðslum og útflutningsbótum og reiknaður er með PSE-aðferðinni.

<sup>1</sup>Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun.

<sup>2</sup>"Stuðningur stjórnvalda við landbúnað", Vigdís Jónsdóttir, Fjármálatíindi, maí-júlí 1992, tafla 1. bls. 185.

<sup>3</sup>AMS er skammstöfun á Aggregate Mesurement of Support en PSE er skammstöfun á Producer Subsidy Equivalents. Sjá "Landbrugspolitikken og husholdningernes økonomi - effekter p.g.a. handelsrestriktoner", Hagfrætistofnun H.I. 1992.

*3.2 Beinar greiðslur.* Með beinum greiðslum er átt við framlög frá hinu opinbera til framleiðenda sem lækka verði búvara til neytenda. Þessi framlög voru á árinu 1992 niðurgreiðslur á vörugerði mjólkur og kindakjöts, uppkaup á fullvirðisrétti og sérstakar geiðslur í landbúnaði sem skiptust milli framleiðenda nautakjöts, hrossakjöts, svínakjöts, alifuglakjöts og eggja. Á árinu 1992 hafa verið tvö styrkjakerfi í gangi í sauðfjárframleiðslunni, annað byggt á niðurgreiðslum á vörugerði samkvæmt búvorusamningi sem gilti til 1. september og hitt byggt á beinum greiðslum til bænda samkvæmt búvorusamningi sem tók við af þeim eldri. Í mjólkurframleiðslunni tóku hins vegar beinar greiðslur til bænda við af hefðbundnum niðurgreiðslum á heildsölustigi um áramótin 1992-1993.<sup>4</sup>

*3.3 Lækkun framleiðslukostnaðar.* Með lækkun framleiðslukostnaðar er átt við framlög sem koma til lækkunar á framleiðslukostnaði hjá bændum. Þessi framlög hafa ekki bein áhrif á verð afurðanna til skamms tíma en til lengri tíma ættu þau þó að hafa áhrif til lækkunar. Undir þennan lið heyra því framlög samkvæmt jarðræktar- og búsfárræktarlögum, framlög til Áburðarverksmiðjunnar og framlög til sláturhúsa en þar er um að ræða hinn svokallaða vaxta- og geymslukostnað.

*3.4 Almenn þjónusta.* Með almennri þjónustu er átt við framlög hins opinbera til ýmiss konar rannsókna, sjúkdómovarna, markaðsöflunar og fleira. Þessi framlög lækka kostnað í greininni ef litíð er til langs tíma en hafa ekki bein áhrif á verð til neytenda. Sem dæmi má nefna bændaskólanu. Ef þeir nytu ekki ríkisstuðnings myndi námskostnaður nemenda eflaust hækka nema aðrir styrktaraðilar kæmu til. Hærri námskostnaður ylli síðan hærri launakröfum að námi loknu og því hærra verði búvara.

*3.5 Útflutningsbætur.* Í búvorusamningi sem gilti til 1. september 1992 var greint á um hvort útflutningsbætur skyldu greiddar vegna mjólkur- og kindakjötsframleiðslu. Með gildistöku búvorusamnings sem tók við af þeim gamla var hætt að greiða þessar útflutningsbætur úr ríkissjóði.

*3.6 Gjaldtaka af landbúnaðaráfurðum.* Hér er dregið saman yfirlit yfir gjöld og opinbera álagningu á framleiddar búvörur í landbúnaði.<sup>5</sup> Þeim kostnaði sem lagður er á landbúnaðinn í formi opinberra gjalda og því sem tekið er til sameiginlegra þarfa er deilt upp á eftirfarandi hátt:

*3.6.1 Sjóðsgjöld til sameiginlegra þarfa landbúnaðarins.* Sjóðsgjöld í landbúnaði eru gjöld sem eru ákveðið hlutfall af búvöruverði (framleiðendaverði eða heildsöluverði) og eru nýtt til sameiginlegra hagsmunamála landbúnaðarins.

*3.6.2 Kjarnfóður gjöld.* Þar er um að ræða tvenns konar gjöld, fóðurgjald og gurnngjald. Fóðurgjaldið er 80% álag á verð innflutts fóðurs og renna 5/80 af því til Framleiðsluráðs

<sup>4</sup>"Frumvarp til fjárlaga 1993", bls. 304-304.

<sup>5</sup>"Gjaldtaka af búvörum (drög)", Gunnlaugur Júlíusson, hagfr. Stéttarsambands bænda.

en 75/80 eru endurgreidd í hlutfalli við framleiðslu. Grunngjaldið á hinn bóginn er 25% álag á innflutt fóður og rennur í ríkissjóð.

*3.6.3 Opinberar álögur og skattar.* Hér er tekið saman yfirlit yfir opinbera skattlagningu á landbúnaðinn. Helstu opinberu skattstofnarnir í landbúnaði eru: fasteignagjöld, aðstöðugjald, tryggingargjald, skattlagning bóta v. niðurfærslu á sauðfé, skattaleg meðferð á fullvirðisrétti v. kaup og sölu, skattmat á keyptum bústofni, skattaleg meðferð, vsk. af rafmagni og tollar. Hér verður einungis gerð tilraun til að áætla tekjur hins opinbera af fyrstu þremur skattstofnunum þ.e. fasteignagjaldinu, aðstöðugjaldinu og tryggingargjaldinu.

Í 1. og 2. töflu er gerð tilraun til að meta umfang liða 3.6.1-3 og þeim skipt eftir tegundum og búgreinum. Eins og gefur að skilja verður að áætla ýmis atriði, bæði vegna þess að við gerð verðmætaáætlunar er ekki hægt að miða við eitt skráð verð fyrir afurðina, heldur eir verðmæti framleiðslunnar áætlað. Í öðru lagi verður að áætla launalið einstakra búgreina þar sem verð er ekki skráð samkvæmt verðlagsgrundvelli, samþykktum af sexmannanefnd.

*Við útreikning á stuðningi stjórnválda við landbúnað er reynt að nálgast það tekjutap sem bændur yrðu fyrir ef stuðnings stjórnválda nytí ekki við. Þannig er gert ráð fyrir því að bændur séu tilbúnir til að kaupa þá þjónustu sem veitt er af hálfu stjórnválda og greiða fyrir hana verð sem samsvarar útgjöldum stjórnválda vegna hennar. Útreikningarnir ganga út frá ákveðnu framleiðslumagni og ofmeta því tekjutapið því að minni stuðningur við landbúnað ylli því væntanlega að bæði framleiðsla og kostnaður drægist saman.*

Markaðsstuðningur, beinar greiðslur og skatttekjur stjórnválda eru "eyrnamerkar" hverri landbúnaðargrein um sig. Lækkun framleiðslukostnaðar og almenn þjónusta, þ.e. liðir 3.3 og 3.4, eru hins vegar reiknaðir fyrir landbúnaðarframleiðsluna í heild og síðan deilt niður á einstakar afurðategundir eftir ákveðnum reglum sem ekki verða tilgreindar hér.<sup>6</sup> Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin er sú að ekki er auðvelt að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að eyrnamerkja ákveðinn hluta af hverjum kostnaðarlið einhverri tiltekinni afurð.

*3.7 Viðmiðunarverð.* Til að reikna út markaðsstuðning fyrir hverja afurð er nauðsynlegt að hafa ákveðið viðmiðunarverð. Hér er það verð sem unnt væri að fá afurðina á ef hún væri keypt á heimsmarkaði notað sem viðmiðunarverð. Sökum skorts á tölulegum upplýsingum um heimsmarkaðsverð á árunum 1992 og 1993 er notuð sú forsenda að hlutfallið milli erlends og innlends verð á landbúnaðarvörum hafi þróast í samræmi við raungengi íslensku krónunnar á tímabilinu frá 1988 til 1993.<sup>7</sup> Ástæðan fyrir því að árið 1988 er valið er sú að hlutfallið milli heimsmarkaðsverðs og innlends heildsöluverðs er

<sup>6</sup>"National policies and agricultural trade, country study Norway", bls. 120.

<sup>7</sup>Raungengið ( $R$ ) er skilgreint sem hlutfallið milli heimsmarkaðsverðs í íslenskum krónum ( $e^*P_E$ ), þar sem  $e$  er nafngengi íslensku krónunar og  $P_E$  er heimsmarkaðsverðið í erlendum gjaldeyrir, og innlends heildsöluverðs ( $P_I$ ), þ.e.  $R = e^*(P_E/P_I)$

þekkt fyrir það ár. Viðmiðunarverðið á árinu 1992 ( $P_{E,92}$ ) og 1993 ( $P_{E,93}$ ) er því reiknað út á eftirfarandi máta:

$$P_{E,i} = P_{I,i} \cdot \left( \frac{r_i}{r_{88}} \right) \cdot e_{88} \cdot \left( \frac{P_{E,88}}{P_{I,88}} \right), \quad i = 92, 93$$


þar sem  $P$  er verð viðkomandi landbúnaðarafurðar,  $E$  stendur fyrir erlendis og  $I$  fyrir innanlands,  $r$  er raungengi íslensku krónunar og  $e$  er nafngengið íslensku krónunar.

**3.8 Niðurstöður útreikninga.** Í 1. og 2. viðauka er stuðningur stjórnvalda við landbúnað á árinu 1992 reiknaður út. Í 1. og 2. töflu eru helstu niðurstöður þessara útreikninga sýndar og eru meðfylgjandi myndir til glöggvunar. Í 1. töflu sést heildarstuðningur stjórnvalda við lanbúndaðargreinar sem hlutfall að áætluðu framleiðsluvirði búvara.

*1. tafla: Heildarstuðningur sem hlutfall af áætluðu framleiðsluvirði búvara.*

Ár	Mjólk	Nautakjöt	Kindakjöt	Hrossakjöt	Svínakjöt	Alifuglakjöt	Egg	Allar afurðir	Kjöt afurðir
1992	107,89	86,95	108,11	47,23	74,20	107,72	81,95	100,51	96,89
1993	106,48	69,41	99,40	46,56	72,49	112,88	78,52	95,42	88,99
Mism.	-1,41	-17,54	-8,72	-0,67	-1,72	5,16	-3,43	-5,08	-7,90

\* Allar tölur eru í %




Í 1. töflu sést að á árinu 1992 var stuðningur stjórnvalda mestur við framleiðslu kindakjöts, mjólkur og alifuglakjöts. Næst kemur nautakjötið svo eggin, svínakjötið og minnstan stuðning fær hrossakjötsframleiðslan. Samtals studdu stjórnvöld landbúnað um rúmlega 101% af framleiðsluvirði á árinu 1992 eða um 13.109 milljónir kr. en áætlað er að þessi stuðningur lækki og verði rúmlega 95% af framleiðsluvirði á árinu 1993 þ.e. 12.694 milljónir kr. Samtals lækkar því stuðningurinn um tæplega 6 prósentustig á milli

áranna 1992 og 1993. Í 2. töflu og á meðfylgjandi mynd er sýndur stuðningur stjórnvalda í fjárlögum, þ.e. heildarstuðningur að frádegnum markaðsstuðningi.

*2. tafla: Stuðningur í fjárlögum sem hlutfall af áætluðu framleiðsluvirði búvara*

Ár	Mjólk	Nautakjöt	Kindakjöt	Hrossakjöt	Svínakjöt	Alifuglakjöt	Egg	Allar afurðir	Kjöt afurðir
1992	52,28	29,89	74,57	1,15	5,23	9,00	3,60	47,91	48,90
1993	50,86	12,35	65,85	0,48	1,48	2,48	0,16	42,21	39,88
Mism.	-1,41	-17,54	-8,72	-0,67	-3,75	-6,52	-3,43	-5,70	-9,01


\* Allar tölur eru í %



Á 2. töflu sést að í fjárlögum er stuðningurinn við kindakjötsframleiðslu og mjólkurframleiðslu áberandi mestur. Markaðsstuðningur þessara framleiðslugreina er hins vegar tiltölulega lágor miðað við aðrar greinar og kemur það til af því að mismunur heimsmarkaðsverðs og heildsölouverðs fyrir þessar tvær afurðir er hlutfallslega minni en fyrir hinum afurðirnar. Á eftir kindakjöts- og mjólkurframleiðslunni kemur framleiðsla nautakjöts, svo framleiðsla alifugla, svína og eggja en framleiðsla hrossakjöts fær lægstan stuðning í fjárlögum. Stuðningur stjórnvalda í fjárlögum við þessar sjö landbúnaðargreinar nam 6.249 milljónum kr. á árinu 1992 sem jafngildir 48% af framleiðsluvirði afurða það árið. Áætlað er að þessi stuðningur nemi um 5.616 milljónum króna á árinu 1993 sem er 42% af framleiðsluvirði. Stuðningur stjórnvalda lækkar því um 6 prósentustig eða um 633 milljónir kr. Sé litlð á þær greinar sem framleiða kjöt þá sést að stuðnigur stjórnvalda við þessar greinar nam 49% af framleiðsluvirði kjötafurða á árinu 1992 og lækkar um 9 prósentustig á milli áranna 1992 og 1993. Fjárhæðin sem stjórnvlöld vörðu til stuðnings við þessar greinar nam 3.507 milljónum kr. á árinu 1992 en lækkar og er áætluð 2.917 á árinu 1993.

4. tafla: Sala í kg ef heildarstuðningur við landbúnaðargreinar er:

Afurð	a. mismunandi milli búgreina	b. fastur 100,51% af frl.virði	mismunur b-a	hlutfallsleg breyting í % 100*(b-a)/a	c. fastur 95,42% af frl.v.	mismunur c-a	hlutfallsleg breyting í % 100*(c-a)/a
Mjólk	9.929.734	9.888.892	-40.842	-0,41	9.866.869	-62.865	-0,63
Nautakjöt	3.252.898	3.389.863	136.965	4,21	3.508.153	255.255	7,85
Kindakjöt	8.182.445	7.965.980	-216.465	-2,65	8.068.912	-113.533	-1,39
Hrossakjöt	625.818	715.326	89.508	14,30	710.868	85.050	13,59
Svínakjöt	2.599.120	2.800.421	201.301	7,74	2.781.225	182.105	7,01
Alifuglakjöt	1.636.024	1.595.040	-40.984	-2,51	1.526.322	-109.702	-6,71
Egg	2.332.329	2.463.827	131.498	5,64	2.455.894	123.565	5,30
<b>Samtals</b>	<b>28.558.368</b>	<b>28.819.350</b>	<b>260.982</b>	<b>0,91</b>	<b>28.918.242</b>	<b>359.874</b>	<b>1,26</b>



Á 4. töflu og meðfylgjandi mynd sést að sala þeirra landbúnaðarafurða sem hlotið hafa minni heildarstuðning en 101% af framleiðsluvirði á árinu 1992 og 95% á árinu 1993 eykst, en sala hinna landbúnaðarafurðanna dregst saman. Þegar á heildina er litið eykst sala í báðum tilvikum um 0,91% ef miðað er við hlutfallið 1992 en 1,26% ef miðað sé við hlutfallið á árinu 1993. Til mótvægis við þessa magnbreytingu kemur verbreyting hverrar afurðar þannig að framleiðsluvirði helst fast þegar á heildina er litið. Samanlagður stuðningur í hlutfalli af framleiðsluvirði er því sá hinn sami fyrir og eftir breytingu sem er sú forsenda sem gefin var í upphafi.

Á 5. töflu og meðfylgjandi mynd sést hver áhrifin yrðu ef eingöngu væri litið á þær landbúnaðargreinar sem framleiða kjötafurðir og stuðningurinn jafnaður milli þeirra. Á árinu 1992 var heildarstuðningur við þessar greinar um 97% af framleiðsluvirði en áætlað er að hann lækki niður í rúmlega 90% á árinu 1993. Á 5. töflu sést að bæði árin dregst heildarsala kjötafurða saman um 0,18% á árinu 1992 en um 0,20% á árinu 1993.

Sé miðað við stuðninginn eins og hann var á árinu 1992 þá verður samdrátturinn í sölu alifuglakjöts og kindakjöts. Hinsvegar eykst sala hrossakjöts, svínakjöts og nautakjöts.

*5. tafla: Sala í kg ef heildarstuðningur við landbúnaðargreinar sem framleiða kjöt er:*


Afurð	a. mismunandi milli búgreina	b. fastur 96,89% af frl.virði	mismunur b-a	hlutfallsleg breyting í % $100*(b-a)/a$	c. fastur 88,99% % af frl.v.	mismunur c-a	hlutfallsleg breyting í % $100*(c-a)/a$
Nautakjöt	3.252.898	3.356.798	103.900	3,19	3.456.356	203.458	6,25
Kindakjöt	8.182.445	7.848.844	-333.601	-4,08	7.861.114	-321.331	-3,93
Hrossakjöt	625.818	711.489	85.671	13,69	703.440	77.622	12,40
Svínakjöt	2.599.120	2.778.188	179.068	6,89	2.738.069	138.949	5,35
Alifuglakjöt	1.636.024	1.571.790	-64.234	-3,93	1.470.110	-165.914	-10,14
Samtals	16.296.305	16.267.109	-29.196	-0,18	16.229.089	-67.216	-0,41



Á 6. töflu og meðfylgjandi mynd er sýnt hver áhrifin yrðu ef innflutningshöftin væru við líði áfram á sama hátt og verið hefur en stuðningur í fjárlögum jafnaður á milli búgreina. Á töflunni sést að sala þeirra landbúnaðarfurða sem hlotið hafa minni stuðning í fjárlögum en 48% af framleiðsluvirði á árinu 1992 og 42% á árinu 1993 eykst, en sala hinna landbúnaðarfurðanna dregst saman. Þannig yrði samdrátturinn í sölu kindakjöts um tæplega 17% eða um 1.360 tonn því jöfnun stuðnings leiðir til þess að stuðningur til framleiðenda þess lækkar um 27 prósentustig. Á sama hátt leiðir jöfnun stuðnings til samdráttar í sölu mjólkur. Sala hrossakjöts, eggja, svína-, alifugla- og nautakjöts eykst hins vegar. Vert er að undirstrika að hér eykst sala alifugla sem er þvert á þá niðurstöðu sem fékst þegar litið var á heildarstuðninginn. Ástæðan er sú að stuðningur stjórnvalda við alifuglaframleiðslu felst að mestu leyti í markaðsstuðningi, innflutningshöftum, sem er innifalinn í heildarstuðningi en ekki í stuðningi í fjárlögum.

7. tafla: Sala í kg ef stuðningur í fjárlögum við landbúnaðargreinar sem framleiða kjöt er:

Afurð	a. mismunandi milli búgreina	b. fastur af frl.virði	mismunur b-a	hlutfallsleg breyting í % 100*(b-a)/a	c. fastur af frl.v.	mismunur c-a	hlutfallsleg breyting í % 100*(c-a)/a
Nautakjöt	3.252.898	3.498.787	245.889	7,56	3.613.274	360.376	11,08
Kindakjöt	8.182.445	6.914.355	-1.268.090	-15,50	6.754.177	-1.428.268	-17,46
Hrossakjöt	625.818	730.450	104.632	16,72	719.820	94.002	15,02
Svinakjöt	2.599.120	3.002.788	403.668	15,53	2.981.189	382.069	14,70
Alifuglakjöt	1.636.024	1.871.682	235.658	14,40	1.871.283	235.259	14,38
Samtals	16.296.305	16.018.063	-278.242	-1,71	15.939.744	-356.561	-2,19



5.1 viðauki: Áætlaður stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað á árinu 1992 (þús. kr.).

Landbúnaðarafurðir	Mjólk	Nautakjöt	Kindakjöt	Hrossakjöt	Svinakjöt	Afluglakjöt	Egg	Samtals	Samtals kjöt
2.1 Markaðsstuðningur	2.891.497	705.276	1.363.946	129.175	754.329	489.068	526.926	6.860.217	3.441.794
Framleitt magn í tonnum (okt.'91-okt.'92)	99.587	3.273	8.552	828	2.592	1.539	2.444	118.815	16.784
Ímleit heildsöluverð	48,00	347,01	325,54	211,46	390,00	391,00	277,26		
Viðmiðunarverð (fors. 1. og 8.)	18,97	131,53	166,05	55,45	98,98	73,22	61,66		
2.2 Beinar greiðslur	2.459.536	204.211	1.777.784	6.207	108.463	79.189	65.839	4.701.229	2.175.854
04-289-10 Sérstakar greiðslur f landbúnaði		204.211		6.207	108.463	79.189	65.839	463.909	398.070
04-290-40 Uppkaup á fullvirðisrétti			292.000					292.000	292.000
12-201-02 Niðurgreiðslur á vörumerði mjólkur	2.459.536							2.459.536	0
12-201-05 Niðurgreiðslur á vörumerði kindakjöts			1.485.784					1.485.784	1.485.784
2.3 Lækkun framleiðslukostnaðar	17.666	206.667	478.230	0	0	0	0	702.563	684.897
04-288 Jarðréktar- og búsfárréktarlög, framlög	9.077	9.255	968					216.400	10.223
12-201 Vaxta- og geymslugjöld			433.874					433.874	433.874
24-221 Áburðarverkamál ríkisins	8.589	197.413	43.387					19.300	240.800
2.4 Almenn þjónusta (6. fors.)	305.732	28.456	419.865	11.090	28.252	9.831	11.430	814.656	497.494
04-201 Búnaðarfélag Íslands, (fors. 6b.)	29.743	1.663	15.360	766	1.304	652	652	78.500	19.747
04-206 Rámasíkuastofnun landbúnaðarins, (fors. 6b.)	55.924	3.127	28.882	1.441	2.453	1.226	1.226	147.600	37.129
04-243 Sauðfárvéikivamarí, (fors. 6c.)			240.700					240.700	240.700
04-247 Yfirdýralæknir, (fors. 6c.)	15.910	3.782	23.975	858	10.275	2.906	3.944	68.500	41.796
04-272 Einangrunarstöð í Hrísey, (fors. 6c.)		7.100						7.100	7.100
04-291 Framleidnisjölfur landbúnaðarins, (fors. 6c.)	43.248	3.373	27.246	3.815	6.784	1.352	1.835	351.506	42.570
04-299 Búnaðarmál, ýmis verkefni, (fors. 6a.)	2.268	539	1.773	122	477	216	293	6.800	3.128
04-501 Þændaskólinn á Hvannseyri, (fors. 6b.)	30.614	1.712	15.811	789	1.343	671	671	80.800	20.325
04-502 Þændaskólinn á Höllum, (fors. 6b.)	25.726	1.439	13.286	663	1.128	564	564	67.900	17.080
12-201-10 Lifeyrissjölfur þennda, (fors. 6b.)	102.299	5.721	52.832	2.636	4.487	2.243	2.243	270.000	67.919
2.5 Útflutningsbætur	315.562		621.403					936.965	621.403
2.6 Gjaldtaka af landbúnaðarafurðum	380.484	69.976	265.044	14.076	79.521	44.429	53.090	906.619	473.045
2.6.1 Sjóðsgjöld til sameiginlegra þarsa landbúnaðarins	216.735	51.508	148.034	9.826	37.509	20.227	24.325	508.164	267.104
Búnaðarmálasjóðsgjald	77.987	18.538	60.996	4.204	8.202	3.715	5.043	178.686	95.656
Bjargáðasjóðsgjald	31.195	7.415	24.398	1.582	6.562	2.972	4.035	78.259	43.029
Neyt- og jöfn. gjald	95.604	22.715	55.680	3.502	20.218	12.035	13.552	223.306	114.150
Framleidsluráðsgjald	11.950	2.839	6.960	438	2.527	1.504	1.694	27.913	14.269
2.6.2 Föðurgjald nettó	32.992	3.502	6.410	549	28.973	17.463	20.410	110.300	56.898
Grunngjald	29.192	3.102	5.610	449	24.073	13.094	14.479	90.000	46.328
Álagt föðurgjald	64.000	6.800	12.300	1.500	67.500	41.995	57.005	251.100	130.095
Nálfurfellt	0	0	0	0	39.600	12.302	16.698	68.600	51.902
Endurgeitt	56.200	6.000	10.700	1.300	18.800	22.779	30.921	146.700	59.579
Framleidnisjölfur	4.000	400	800	100	4.200	2.545	3.455	15.500	8.045
2.6.3 Opinberar álögur á landbúnaðinn	130.756	14.966	110.599	3.701	13.039	6.738	8.355	288.154	149.043
Pasteignaj.	30.872	1.015	31.899	1.500	3.000	2.170	1.466	71.922	39.584
Aðstöðugj.	47.802	1.571	32.669	1.500	6.600	3.124	4.619	97.885	45.464
Tryggingargj.	52.082	12.380	46.031	701	3.439	1.444	2.270	118.348	63.996

Breyting 1. Sami studningur (blutfalli af framleidsluvirði til allra búgreipa:

---

*Ef sami heildarstuðnir neyr*

<i>Ef sami stuðningur í fjárlögum</i>									
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	7.917.129	1.605.240	7.098.611	283.516	1.150.821	539.984	696.631	19.291.931	
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áætl. frl.v. í % e./br.	47,91	47,91	47,91	47,91	47,91	47,91	47,91	47,91	
c. Verðbreyting afurða í %	3,29	-18,12	41,55	-41,31	-38,31	-35,46	-39,52		
d. Sala í kg e./br.	9.897.019	3.488.660	6.822.496	729.233	2.997.390	1.868.073	2.701.027	28.503.898	
e. Breyting í sölu afurða í kg.	-32.715	235.762	-1.359.949	103.415	398.270	232.049	368.698	-54.470	
f. Breyting í sölu afurða í %	-0,33	7,25	-16,62	16,52	15,32	14,18	15,81	-0,19	
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	5.352.715	1.085.292	4.799.320	191.683	778.062	365.079	470.987	13.043.137	
h.=a.-g. Stuðningur e./br.	2.564.415	519.949	2.299.291	91.833	372.759	174.905	225.644	6.248.794	
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	7.917.129	1.605.240	7.098.611	283.516	1.150.821	539.984	696.631	19.291.931	
j.=i.-a. Misunur	0	0	0	0	0	0	0	0	

*Breyting 2. Sami stuðningur í hlutfalli af framleiðsluvirði til bíggreina sem framleiða kjöt:*

<i>Ef sami heildarstuðningur</i>						
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	2.310.516	8.462.557	412.690	1.905.150	1.029.052	14.119.966
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áætl. frl.v. í % e./br.	96,89	96,89	96,89	96,89	96,89	96,89
c. Verðbreyting kjótafurða í %	-7,99	10,19	-34,22	-17,22	9,82	
d. Sala í kg e./br.	3.356.798	7.848.844	711.489	2.778.188	1.571.790	16.267.109
e. Breyting í sölu afurða í kg.	103.900	-333.601	85.671	179.068	-64.234	-29.196
f. Breyting í sölu afurða í %	3,19	-4,08	13,69	6,89	-3,93	-0,18
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	1.173.517	4.298.155	209.607	967.631	522.658	7.171.569
h.=a.-g. Stuðningur e./br.	1.136.999	4.164.401	203.084	937.519	506.394	6.948.397
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	2.310.516	8.462.557	412.690	1.905.150	1.029.052	14.119.966
j.=i.-a. Misunur	0	0	0	0	0	0

<i>Ef sami stuðningur í fjárlögum</i>						
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	1.605.240	7.098.611	283.516	1.150.821	539.984	10.678.171
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áætl. frl.v. í % e./br.	48,90	48,90	48,90	48,90	48,90	48,90
c. Verðbreyting kjótafurða í %	-18,90	38,74	-41,80	-38,83	-36,01	
d. Sala í kg e./br.	3.498.787	6.914.355	730.450	3.002.788	1.871.682	16.018.063
e. Breyting í sölu afurða í kg.	245.889	-1.268.090	104.632	403.668	235.658	-278.242
f. Breyting í sölu afurða í %	7,56	-15,50	16,72	15,53	14,40	-1,71
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	1.078.096	4.767.499	190.412	772.903	362.659	7.171.569
h.=a.-g. Stuðningur e./br.	527.145	2.331.112	93.104	377.918	177.325	3.506.603
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	1.605.240	7.098.611	283.516	1.150.821	539.984	10.678.171
j.=i.-a. Misunur	0	0	0	0	0	0

*Heimildir*

Frumvarp til fjárlaga 1993  
 Skýrslur um framleiðslu, sölu og birgðir búvara, Framleiðslur á landbúnaðarins 5/1/1993  
 "Stuðningur stjórnvalda við landbúnað", Vigdís Þórssdóttir, Þjálfatíðindi, maí-júlí 1992, bls. 176-192  
 "Gjaldtaka af búvörum (drög)", Guðnlaugur Jílússon hagfr. Síettarsamb. þenndu  
 "Niðurstöður úr vinnuskýrslum", Hagþjónusta landbúnaðarins á Hvannayri  
 "Landbúnaðaráætlun 1. skýrsla: Innland eftirlspurn landbúnaðarvara, spá um neyslu 1973-1977", Framkvæmdastofnun ríkisins, Rkv 1973, bls. 15-27.

*Forsendur*

1. Ímlent verð og viðmiðunarverð á árinu 1988 skv. útreikningum OECD							
Ímlent verð	17,30	235,88	247,76	175,30	254,66	325,61	175,92
Viðmiðunarverð	6,26	81,88	115,74	42,10	59,19	55,84	35,83
2. Allar tölur eru á áslokaverðlagi 1992							
3. Hlutfallsleg breyting framferðsluvísitölu 199:	1,02						
4. Summa afurðaverðmetis, sem er verð til framleiðenda, og breytinga bústofns er hér skilgreind sem framleiðsluvirði							
5. Verðnæmni landb.af. (Dq/Dp)=	-0,10	-0,40	-0,40	-0,40	-0,40	-0,40	-0,40
6. Skipting á almennri þjónustu fer efni:	a. framleiðsluverðmeti greinarinnar hlutfallslega b. viðnustundum í greininni hlutfallslega c. þekktum forsendum greinarinnar						
7. Áætlað framleiðsluvirði, fjöldi vinnustunda og fóðurkaup einstakra bíggreina er eftirfarandi:							
Áætlað framleiðsluvirði 1992 (4. fors.)	5.199.118	1.235.882	4.066.373	280.294	1.093.627	495.392	672.451
Í hlutfalli af áætluðum heildarframl. v. 1992 í %	0,33	0,08	0,26	0,02	0,07	0,03	0,04
Áætlaður fjöldi vinnustunda 1992	1.824	102	942	47	80	40	40
Í hlutfalli af áætluðum heildarfj. vinnust. 1992 í %	0,38	0,02	0,20	0,01	0,02	0,01	0,01
Fóðurkaup í tonnum á árinu 1992	15.452.563	1.641.824	2.969.770	237.800	12.742.733	6.931.122	7.664.249
Í hlutfalli af heildarfóðurkaupum 1992 í %	0,32	0,03	0,06	0,00	0,27	0,15	0,16
Selt magu í kg (okt.'91-okt.'92)	9.929.734	3.252.898	8.182.445	625.818	2.599.120	1.636.024	2.332.329
8. Hlutfallsleg br. raungengis 1988 til 1993	1,09						

5.2 viðauki: Áætlaður stuðningur íslenskra stjórnvalda við landbúnað á árinu 1993 (þús. kr.).

Landbúnaðarafurðir	Mjólk	Nautakjöt	Kindakjöt	Hrossakjöt	Svínakjöt	Alfuglakjöt	Egg	Samtals	Samtals kjöt
2.1 Markaðsstuðningur	2.949.327	719.382	1.391.225	131.758	792.046	557.863	537.464	7.079.065	3.592.274
Framleitt magn í tonnum (okt.'91-okt.'92)	99.587	3.273	8.552	828	2.592	1.539	2.444	118.815	16.784
Innleint heildsíluverð	48,96	353,95	332,05	215,69	409,50	446,00	282,81		
Viðmiðunarverð (fors. 1. og 8.)	19,34	134,16	169,37	56,56	103,93	83,52	62,89		
2.2 Beinar greiðslur	2.631.000	114.451	2.392.000	3.479	60.789	44.382	36.900	5.283.000	2.615.100
04-410-01 Beinar greiðslur til þeinda	2.246.000							2.246.000	0
04-410-05 Niðurgreiðslur á miðjölkurvörum	200.000							200.000	0
04-410-10 Uppgjör birgða samkvæmt báðarnefnaamningi	175.000							175.000	0
04-410-99 Afleyingarpjónustukátabanda	10.000							10.000	0
04-420-01 Beinar greiðslur til þeinda		1.706.000						1.706.000	1.706.000
04-420-20 Niðurgreiðslur á ull		250.000						250.000	250.000
04-420-90 Uppkaup á fullvirðisáttum		436.000						436.000	436.000
04-430 Sérstakar greiðslur í landbúnaði		114.451		3.479	60.789	44.382	36.900	260.000	223.100
2.3 Lækkun framleiðslukostnaðar	86.542	88.238	259.319	0	0	0	0	434.100	347.558
04-288 Jarbrekkar- og bútfárræktaríðg. framlög	85.786	87.465	9.149					182.400	96.614
04-420-10 Vaxta- og geymslukostnaður			250.000					250.000	250.000
24-221 Áburðarverkumáðja rkísins	757	774	170					1.700	944
2.4 Almenn þjónusta (6. fors.)	314.713	22.282	315.739	10.650	27.653	10.150	11.724	712.911	386.473
04-201 Býnaðarfélag Íslands, (fors. 6b.)	31.069	1.737	16.045	801	1.363	681	681	82.000	20.627
04-206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, (fors. 6b.)	49.445	2.765	25.536	1.274	2.169	1.084	1.084	130.500	32.828
04-243 Sauðfjárveikivarnir, (fors. 6c.)			132.700					132.700	132.700
04-247 Yfirdýralæknir, (fors. 6c.)	15.399	3.661	23.205	830	9.945	2.812	3.818	66.300	40.453
24-272 Einangrunarsíður í Hrisey, (fors. 6c.)		0						0	0
04-291 Framleiðnisjóður landbúnaðarins, (fors. 6c.)	30.961	2.447	19.536	2.724	4.868	981	1.331	250.000	30.555
04-299 Býnaðarmáðl. fylmis verkefni, (fors. 6a.)	6.428	1.528	5.028	347	1.352	613	831	18.900	8.867
04-501 Bændaskólinn á Hvítaveyri, (fors. 6b.)	29.894	1.672	15.439	770	1.311	656	656	78.900	19.847
04-502 Bændaskólinn á Hólum, (fors. 6b.)	24.059	1.345	12.425	620	1.055	528	528	63.500	15.974
09-999-31 Lífeyrisjóður þeinda, (fors. 6b.)	127.457	7.128	65.825	3.284	5.590	2.795	2.795	336.400	84.622
2.6 Gjaldtaka af landbúnaðarafurðum	334.891	69.346	235.649	12.768	71.906	42.004	47.512	814.076	431.673
2.6.1 Sjóðagjöld til sameiginlegra þarfa landbúnaðarins	221.070	52.538	150.995	10.022	38.941	22.265	24.811	520.643	274.762
Býnaðarmálasjóðsgjald	79.547	18.909	62.216	4.289	8.366	3.790	5.144	182.260	97.569
Bjargráðasjóðsgjald	31.819	7.564	24.886	1.715	6.693	3.032	4.115	79.824	43.890
Neyt.- og jöfn. gjald	97.516	23.170	56.794	3.572	21.228	13.728	13.824	229.831	118.492
Framleiðsluráðsgjald	12.189	2.896	7.099	446	2.654	1.716	1.728	28.729	14.811
2.6.2 Föðburgjald nettó	29.825	3.165	5.803	501	26.396	16.096	18.920	100.706	51.961
Grunngjald	25.949	2.757	4.987	399	21.398	11.639	12.870	80.000	41.181
Álagt föðurgjald	65.280	6.936	12.546	1.530	68.850	42.835	58.145	256.122	132.997
Niðurfell	0	0	0	0	40.392	12.548	17.032	69.972	52.940
Endurgreit	57.324	6.120	10.914	1.326	19.176	23.235	31.539	149.634	60.771
Framleiðnisjóður	4.080	408	816	102	4.284	2.596	3.524	15.810	8.206
2.6.3 Opinberar alögur á landbúnaðinn	83.996	13.643	78.851	2.245	6.568	3.643	3.781	192.727	104.950
Fasteignagj.	30.872	1.015	31.899	1.530	3.060	2.170	1.466	72.012	39.674
Tryggingargj.	53.124	12.628	46.932	715	3.508	1.473	2.315	120.715	65.276
<b>Heildarstuðningur (2.1+2.2+2.3+2.4+2.5-2.6):</b>	<b>5.646.691</b>	<b>875.007</b>	<b>4.122.634</b>	<b>133.119</b>	<b>808.581</b>	<b>570.391</b>	<b>538.577</b>	<b>12.694.999</b>	<b>6.509.732</b>
Heildarst. sem hlutf. af áætl. fr.l.v. 1992 f %	106,48	69,41	99,40	46,56	72,49	112,88	78,52	95,42	88,99
<b>Stuðningur í fjárlögum (2.2+2.3+2.4+2.5-2.6):</b>	<b>2.697.364</b>	<b>155.625</b>	<b>2.731.409</b>	<b>1.360</b>	<b>16.535</b>	<b>12.527</b>	<b>1.112</b>	<b>5.615.935</b>	<b>2.917.458</b>
St. í fjárl. sem hlutf. af áætl. fr.l.v. 1992 f %	50,86	12,35	65,85	0,48	1,48	2,48	0,16	42,21	39,88

Breyting 1. Sami stuðningur í hlutfalli af framleiðsluvirði til allra búgreina:

<i>Ef sami stuðningur í fjárlögum</i>									
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	8.000.464	1.416.225	6.879.109	287.260	1.132.035	517.827	687.012	18.919.935	
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áæt. frl.v. í % e./br.	42,21	42,21	42,21	42,21	42,21	42,21	42,21	42,21	42,21
c. Verðbreyting afurða í %	6,81	-29,29	36,67	-38,85	-38,07	-37,29	-39,09		
d. Sala í kg e./br.	9.862.102	3.633.947	6.982.176	723.072	2.994.925	1.880.076	2.697.038	28.773.337	
e. Breyting í sölu afurða í kg.	-67.632	381.049	-1.200.269	97.254	395.805	244.052	364.709	214.969	
f. Breyting í sölu afurða í %	-0,68	11,71	-14,67	15,54	15,23	14,92	15,64	0,75	
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	5.625.716	995.852	4.837.209	201.994	796.018	364.123	483.089	13.304.000	
h.=-a.-g. Stuðnigur e./br.	2.374.748	420.373	2.041.901	85.266	336.018	153.705	203.923	5.615.935	
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	8.000.464	1.416.225	6.879.109	287.260	1.132.035	517.827	687.012	18.919.935	
j.=-a. Mismunur	0	0	0	0	0	0	0	0	

Breyting 2. Sami stuðningur í hlutfalli af framleiðsluvirði til bágreina sem framleiða kjöt:

<i>Ef sami heildarstuðningur</i>						
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	2.135.607	8.270.334	419.019	1.924.081	1.075.691	13.824.732
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áæt. frl.v. í % e./br.	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99	88,99
c. Verðbreyting kjötafurða í %	-15,64	9,82	-31,01	-13,36	25,35	
d. Sala í kg e./br.	3.456.356	7.861.114	703.440	2.738.069	1.470.110	16.229.089
e. Breyting í sölu afurða í kg.	203.458	-321.331	77.622	138.949	-165.914	-67.216
f. Breyting í sölu afurða í %	6,25	-3,93	12,40	5,35	-10,14	-0,41
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	1.130.001	4.376.034	221.713	1.018.078	569.174	7.315.000
h.=-a.-g. Stuðnigur e./br.	1.005.606	3.894.300	197.306	906.003	506.517	6.509.732
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	2.135.607	8.270.334	419.019	1.924.081	1.075.691	13.824.732
j.=-a. Mismunur	0	0	0	0	0	0

<i>Ef sami stuðningur í fjárlögum</i>						
a. Áætlað framl.v. og heildarstuðningur f./br.	1.416.225	6.879.109	287.260	1.132.035	517.827	10.232.458
b.=(h./g.) St. sem hlutf. af áæt. frl.v. í % e./br.	39,88	39,88	39,88	39,88	39,88	39,88
c. Verðbreyting kjötafurða í %	-27,70	43,64	-37,55	-36,75	-35,95	
d. Sala í kg e./br.	3.613.274	6.754.177	719.820	2.981.189	1.871.283	15.939.744
e. Breyting í sölu afurða í kg.	360.376	-1.428.268	94.002	382.069	235.259	-356.561
f. Breyting í sölu afurða í %	11,08	-17,46	15,02	14,70	14,38	-2,19
g.=Friv.*(1+c.)*(1+f.) Áætlað framl.v. e./br.	1.012.434	4.917.751	205.357	809.272	370.186	7.315.000
h.=-a.-g. Stuðnigur e./br.	403.791	1.961.358	81.903	322.764	147.642	2.917.458
i.=g.+h. Áætlað framl.v. og heildarst. e./br.	1.416.225	6.879.109	287.260	1.132.035	517.827	10.232.458
j.=-a. Mismunur	0	0	0	0	0	0

#### Heimildir

Frumvarp til fíjárlaga 1993

Skýrslur um framleiðslu, sölu og birgðir þeirra, Framleiðsluráð landbúnaðarins 5/1/1993

"Stuðningur stjórnvalda við landbúnað", Vigdís Jónsdóttir, Fjármálaþóindi, maf-júlf 1992, bla. 176-192

"Ojaldtaka af bávörum (drög)", Gunnlaugur Þórsson hagfr., Stéttarsamb. bænda

"Níburstdóður úr vinnuskyndum", Hagjiðónusta landbúnaðarins á Hvannayri

"Landbúnaðarásetlun 1. skýrala: Inntend efstuspurn landbúnaðarvara, spá um neyslu 1973-1977", Framkvæmdastofnun ríkisins, Rkv 1973, bls. 15-27.

#### Forsendur

1. Inntent verð og viðmiðunarverð á árinu 1988 skv. streikningum OECD

Inntent verð	17,30	235,88	247,76	175,30	254,66	325,61	175,92
Viðmiðunarverð	6,25	81,88	115,74	42,10	59,19	55,84	35,83

2. Allar tölur eru á árslokaverðlagi 1992

3. Hlutfallaleg breyting framfersluvíslu 1992 1,02

4. Summa afurðaverðmáta, sem er verð til framleiðanda, og breytinga búslöfna er hér skilgreind sem framleiðsluvirði

5. Verðnemni landb.af. (Dq/Dp)= -0,10 -0,40 -0,40 -0,40 -0,40 -0,40 -0,40

6. Skipting á almennum þjónustu fyrir: a. framleiðslaverðmáti greinarinnar hlutfallslega  
b. vinnustundum í greininni hlutfallslega  
c. þekkum forsendum greinarinnar

7. Áætlað framleiðsluvirði, fjöldi vinnustunda og fóðurkaup einstakra bígréina er einförfandi:

Áætlað framleiðsluvirði 1992 (4. fors.) 5.303.100 1.260.600 4.147.700 285.900 1.115.500 505.300 685.900 13.304.000 7.315.000

Í hlutfalli af áætluðum heildarframl. v. 1992 í % 0,34 0,08 0,27 0,02 0,07 0,03 0,04 0,85 0,47

Áætlaður fjöldi vinnustunda 1992 1.824 102 942 47 80 40 40 3.075 1.211

Í hlutfalli af áætlaðum heildarfj. vinnust. 1992 í % 0,38 0,02 0,20 0,01 0,02 0,01 0,01 0,64 0,25

Fóðurkaup í tonnum á árinu 1992 15.452.563 1.641.824 2.969.770 237.800 12.742.733 6.931.122 7.664.249 47.640.061 24.523.249

Í hlutfalli af heildarfóðurkaupum 1992 í % 0,32 0,03 0,06 0,00 0,27 0,15 0,16 1,00 0,51

Selt magn í kg (okt'91-okt'92) 9.929.734 3.252.898 8.182.445 625.818 2.599.120 1.636.024 2.332.329 28.558.368 16.296.305

8. Hlutfallaleg br. raunengis 1988 til 1993 1,09

5.3 viðauki: Sala og heildsöluverð búvara frá okt. '91 til okt. '92

Flokkur	Sala	Heildsöluverð	Verð*sala	Meðalverð	Flokkur	Sala	Heildsöluverð	Verð*sala	Meðalverð
<i>Mjólk</i>					<i>Nautakjöt</i>				
Mjólk f 1/1 ltr. pökum	99.229.734	48,00	4.763.027.232	48,00	UN I úrval*	36.444	449,00	16.363.356	5,03
					UN I	1.393.302	404,00	562.894.008	173,04
<i>Kindakjöt</i>					UN II	164.357	335,00	55.059.595	16,93
DI úrval	260.740	349,00	90.998.260	11,12	UN II F	110.056	362,00	39.840.272	12,25
D IA	5.318.066	342,00	1.818.778.572	222,28	UN III	10.215	158,00	1.613.970	0,50
D IB	877.492	300,00	263.247.600	32,17	AK I	17.910	354,00	6.340.140	1,95
D IC	147.193	277,00	40.772.461	4,98	AK II	14.241	264,00	3.759.624	1,16
D II	345.229	317,00	109.437.593	13,37	AK III	3.306	179,00	591.774	0,18
D III	72.205	297,00	21.444.885	2,62	UK I	2.558	362,00	925.996	0,28
D IV	30.379	242,00	7.351.718	0,90	UK II	24.519	271,00	6.644.649	2,04
D X	415.141	317,00	131.599.697	16,08	UK III A	63.905	234,00	14.953.770	4,60
D XX	37.841	242,00	9.157.522	1,12	UK III B, UK IV	15.782	200,00	3.156.400	0,97
VI	30.271	297,00	8.990.487	1,10	KI	304.987	354,00	107.965.398	33,19
VII	25.088	257,00	6.447.616	0,79	KII	739.974	305,00	225.692.070	69,38
FI	438.442	257,00	112.679.594	13,77	K-III-F	174.058	280,00	48.736.240	14,98
FIIO	59.296	242,00	14.349.632	1,75	K III, KIV	175.858	192,00	33.764.736	10,38
FIII	105.566	242,00	25.546.972	3,12	NI	1.426	335,00	477.710	0,15
FIIV, HI, HII	19.496	149,00	2.904.904	0,36	NII	0	264,00	0	0,00
<i>Kindakjöt alls:</i>	8.182.445		2.663.707.513	325,54	<i>Nautakjöt alls:</i>	3.252.898		1.128.779.708	347,01
<i>Svínakjöt</i>					<i>Hrossakjöt</i>				
Grís I úrval	90.816	441,87	40.128.871	15,44	FO I	55.380	265,00	14.675.700	23,45
Grís I	1.706.703	422,00	720.228.832	277,10	FO II	21.107	249,00	5.255.643	8,40
Grís II	560.799	363,34	203.758.693	78,40	FO II O	4.011	306,00	1.227.366	1,96
Grís III	57.031	321,70	18.347.107	7,06	FOIV	98	170,00	16.660	0,03
Grís IV	58.227	178,83	10.412.713	4,01	TR I	9.337	230,00	2.147.510	3,43
Unggrís	1.830	441,87	808.622	0,31	TR II	2.115	192,00	406.080	0,65
Gylta I	46.287	225,32	10.429.187	4,01	UH I	3.910	165,00	645.150	1,03
Gylta II	51.196	161,08	8.246.608	3,17	HR I	137.636	164,00	22.572.304	36,07
Göltur I	4.657	70,96	330.441	0,13	HR II	70.174	140,00	9.824.360	15,70
Göltur II	1.745	50,87	88.763	0,03	HR II O	4.924	121,00	595.804	0,95
Svín IV	19.829	43,67	865.887	0,33	HR III, HR IV	3.942	121,00	476.982	0,76
<i>Svínakjöt alls:</i>	2.599.120		1.013.645.724	390,00	FO I án H/S	158.783	265,00	42.077.495	67,24
<i>Alifuglakjöt</i>					FO II án H/S	69.370	249,00	17.273.130	27,60
1 flokkur	1.472.435	395,45	582.267.173	355,90	FO II O án H/S	3.185	306,00	974.610	1,56
2 flokkur	163.589	350,99	57.418.236	35,10	TR I; TR II án H/S	11.309	230,00	2.601.070	4,16
<i>Alifuglakjöt alls:</i>	1.636.024		639.685.408	391,00	HRI - HR III ÁN H/S	69.934	164,00	11.469.176	18,33
<i>Egg</i>					UH I ÁN H/S	603	165,00	99.495	0,16
1. flokkur	2.109.167	283,00	596.894.261	255,92	<i>Hrossakjöt alls:</i>	625.818		132.338.535	211,46
2. flokkur	223.162	223,00	49.765.126	21,34					
<i>Egg alls:</i>	2.332.329		646.659.387	277,26					

Heimildir:

Skyrslur um framleiðslu, sölu og birgðir búvara, Framleiðsluráð landbúnaðarins 5/1/1993  
Verðlisti Síðurfélags Suðurlands 01.02.93